

Aðalfundur foreldrafélags Kelduskóla þann 30.05.2016

Skýrsla stjórnar veturinn 2015-2016

Veturinn hefur gengið ágætlega fyrir sig hjá stjórn foreldrafélagsins.

Haldnir voru 7 stjórnarfundir. Þar af voru tveir fulltrúaráðsfundir haldnir. Einn fyrir áramót og einn eftir áramót. Á fulltrúaráðsfundum kemur saman stjórn foreldrafélagsins og bekkjarfulltrúar. Fundirnir voru notaðir til að miðla upplýsingum um viðburði, bekkjarkvöld og til að skiptast á skoðunum. Jafnframt að fá upp hugmyndir um hvernig bæta megi foreldrasamstarfið í skólanum.

Áfram var lögð áhersla á bekkjarfulltrúastarfið. Það var lagt í hendur bekkjarfulltrúa að halda fundi með foreldrum og skipta þeim niður á viðburði, skipa röltstjóra viðkomandi bekkjar og skipuleggja foreldrakvöld. Sérstaklega var rætt um að foreldrar skipti innan bekkja ef þeir sjái sér ekki fært að mæta á þann viðburð sem þeir eru skráðir á. Líkt og á síðasta starfsári skólans var skipaður einn tengiliður úr stjórn við hvern bekk í skólanum til að styðja við bekkjarfulltrúastarfið.

Það sem helst mætti nefna varðandi viðburði er hversu illa var mætt á undirbúningsfundi og hversu dræm þátttaka var í undirbúningi fyrir viðburðina. Það lenti því allt of oft á fáum foreldrum að sjá um stóra viðburði sem er óásættanlegt. Stjórnin ræddi um að ef ekki næðist lágmarksþátttaka/mæting á undirbúningsfundi kæmi jafnvel til greina að aflýsa viðkomandi viðburði.

Tekin var ákvörðun í upphafi skólaárs að árgjald foreldrafélagsins yrði áfram 1000,- kr fyrir hvert barn í skólanum. Sendir voru út rafrænir greiðsluseðlar í október og komu þeir inn í heimabanka sem valkröfur á kennitölu mæðra. Ágætlega gekk í upphafi að innheimta greiðslur en þegar líða tók á veturinn dró mikið úr og undir lok skólaárs (þegar þessi skýrsla er rituð) var innheimtan um 100.000 kr. lægri en á sama tíma í fyrra.

Á haustönn var mikið rætt um fregnir af aukinni fíkniefnaneyslu í Grafarvoginum og áhyggjur af þróun mála m.a. vegna sólarhringsopnunar Hagkaupa í Spönginni. Á vorönn var sú umræða tekin upp aftur og voru foreldrar almennt sammála um að fíkniefnaneysla og sala væri ekki jafn áberandi. En líklegt er að fíkniefnasalan hafi færst yfir til Borgarholtsskóla og virðist vera sem slíkt sé einnig í gangi við skólagarðana.

Á fulltrúaráðsfundi vorannar hittist stjórnin, fulltrúar foreldra í skólaráði og fyrrverandi formenn foreldrafélagsins og ræddu um fjölmiðlaumfjöllun um meinta vanrækslu kennara í Kelduskóla eða „Dekkjakursmálið“ svokallaða. Á fundinum var samin yfirlýsing sem var samþykkt einróma og hún send til stjórnar Kelduskóla og til fjölmiðla.

Viðburðir vetrarins voru:

Haustbingó 14. og 15. október

Haustbingó gekk vel, hagnaður var góður og vel mætt.

Vöflukaffi (var ekki í umsjá foreldrafélagsins í ár)

Í upphafi skólaannar var tekin ákvörðun um að þessi viðburður yrði ekki á vegum foreldrafélagsins en erfiðlega hefur gengið að manna hann þar sem annað hvort eru foreldrar uppteknir í jólafröndri með

börnum sínum eða eiga erfitt með að mæta vegna vinnu. Skólinn sá því um vöfflukaffið að þessu sinni.

Jólagangan 15. desember

Viðburður gekk ágætlega en þó hefði mátt auglýsa hann betur og senda póst á foreldra samdægurs til að minna á gönguna. Mæting var frekar dræm en þó má ætla að það hafi að hluta til verið vegna slæms veðurs.

Öskudagur

Dræm mæting var á undirbúningsfund og mættu einungis 9 af þeim 26 sem boðaðir voru á fundinn. Þó gekk vel að skipta verkefnum á milli foreldra á undirbúningsfundinum og tóku einhverjir foreldrar að sér fleiri en eitt verkefni.

Páskabingó 16. og 17. mars

Einungis mættu 4 foreldrar af 41 boðuðum á undirbúningsfundinn. Þó höfðu einhverjir boðað forföll. Á fundinum náðist með aðstoð viðstaddra foreldra að manna bingóið Víkurmegin að mestu. Það lenti því á stjórn að raða foreldrum niður á viðburðinn og var verkaskipting send út og ítrekað við foreldra að skipta innbyrðis ef þeir sæju sér ekki fært að mæta á viðburðinn. Bingóin gengu annars bæði vel og var innkoma mjög góð á báðum stöðum.

Vorhátíð (verður haldin 2. júní)

Annað:

Foreldrarölt

Ákveðið var að færa foreldraröltið yfir á fimmtudagskvöld m.a. vegna þess að Púgýn er á fimmtudögum og einnig líklegra að foreldrar séu lausir á þeim kvöldum. Skipaður var sérstakur röltstjóri innan stjórnarinnar auk varamanns. Í upphafi röltis hvers bekkjar mæla þau sér mót við bekkjarröltstjóra til að afhenda dagbókina + vestin. Hver bekkur fékk ca. einn mánuð sem hann sá um og var reynt að taka tillit til stærðar bekkja. Röltið hefði mátt ganga betur þar sem þó nokkuð var um að röltstjórar bekkja vissu ekki hvaða mánuð þeir ættu. Stjórnin þarf að passa betur að upplýsa röltstjóra með góðum fyrirvara.

Bekkjarkvöld

Bekkjarkvöld gengu vel og er almenn ánægja á meðal foreldra og barna með þau. Allir bekkir héldu bekkjarkvöld á haustönn en ekki eru allir bekkir búnir að halda bekkjarkvöld á vorönn.

Fundur með nemenda- og skólaráði

Haldinn var sameiginlegur fundur nemenda- og skólaráðs þann 2. mars þar sem megináhersla var á hvernig styrkja mætti skólasamfélag Kelduskóla, bæði félagslegt umhverfi og samstarf. Fundurinn gekk mjög vel og komu margar áhugaverðar hugmyndir fram hjá bæði nemendum og fullorðnum.

Fjáraflanir

Í upphafi skólaárs setur foreldrafélagið fram áætlun um það hvernig fjáröflunum nemenda á viðburðum á vegum foreldrafélagsins er háttað, en nemendur eru að safna fyrir ferðum í skólabúðir og útskriftarferð. Ákvarðanir um fjáraflanir voru teknar í samræmi við þær ferðir sem bekkirnir fara í á vor- og haustönn. Fjáraflanir þessa árs hafa heilt yfir gengið vel.

Fyrirlestrar vetrarins voru báðir á vorönn

Foreldrafélagið stóð fyrir tveimur fyrirlestrum á þessu skólaári. Haldin var eineltisfræðsla fyrir 5.-7.bekk í febrúar og svo fíkniefnafræðsla þann 12. apríl fyrir börn og foreldra barna í 8. – 10. bekk. Báðir fyrirlestrar gengu mjög vel og var ánægjulegt að sjá hversu vel var mætt á fíkniefnafræðsluna um kvöldið (foreldrar).

Í lokin:

Við minnum á netfang foreldrafélagsins (foreldrafelag.kelduskoli@gmail.com) og hvetjum við foreldra til að nota það, þannig er netfangið ekki bundið við hverjir eru í stjórn hverju sinni.

Foreldrafélag Kelduskóla er einnig á Facebook og hvetjum við ykkur til að gerast meðlimir þar. Einnig höfum við hvatt bekkina og/eða árgangana til að stofna hópa á Facebook til að miðla betur upplýsingum og ná að ræða mál sem upp koma, s.s útivistartíma, samskipti, afmæli o.fl. Foreldrakvöld er gott að nýta til að ræða þessi mál og Facebook hóparnir eru kjörin leið til að halda umræðunni áfram.

Við þökkum fyrir veturinn.

Í stjórninni sátu:

Íris Dögg Kristmundsdóttir formaður

Bryndís Axelsdóttir ritari

Valgerður Sigurðardóttir gjaldkeri

Sigurbjörg Ásta Hreinsdóttir meðstjórnandi

Arnar Freyr Reynisson meðstjórnandi

Valgerður Hanna Hreinsdóttir meðstjórnandi og röltstjóri

Kristjana Erlen Jóhannsdóttir meðstjórnandi

Ásdís Ósk Smáradóttir varamaður

Ævar Örn Ævarsson varamaður